


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 1 af 3	DANS2LN05	
	Námsáætlun vorannar 2017	

Kennari	Annette J. de Vink	Sk.st.	AJV
----------------	--------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Markmið:

Markmið áfangans er að leggja grunn að því að nemandinn geti notað dönsku til samskipta við Dani og aðra Norðurlandabúa sem og lesið sér til gagns um ýmis efni á dönsku. Nemandinn æfir hlustun, tal, lestur og ritun. Læsi er þjálfað með því að lesa fjölbreytta texta. Þá þjálfast nemandinn í að hlusta á talað mál af ýmsum miðlum, tjá sig á dönsku, skriflega og munnlega. Í áfanganum er kynning á sænsku og norsku bæði munnlega og skriflega. Lögð er áhersla á að efla samvinnu milli nemenda. Einnig er lögð áhersla á að nemandinn beri ábyrgð á eigin námsframvindu og sé meðvitaður um mismunandi aðferðir til að tileinka sér tungumál. Nemandinn fær áfram þjálfun í að nota hjálpargögn og kennsluforrit í námi sínu. Kennsla fer fram á dönsku að miklu leyti.

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- dönsku máli, danskri menningu og tengslum Íslands og Danmerkur
- helstu einkennum danskrar tungu í framburði og rituðu máli
- skyldleika norðurlandamálanna
- helstu hjálpargögnum

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:


- hlusta á danskt mál og skilja meginmál t.d. í fréttum og í leiknu efni
- lesa sér til gagns og ánægju texta um margvísleg málefni
- tjá sig skýrt í ræðu og riti um málefni sem hann hefur kynnt sér

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja talað mál í samtali og í fjölmiðlum og átta sig á inntaki þess
- skilja inntak ritmáls um almenn og sérhæfð efni sem hann þekkir til eða hefur áhuga á
- nýta nýjan orðaforða bæði munnlega og skriflega
- nýta dönsku í samskiptum við Dani og að einhverju leyti í samskiptum við aðra Norðurlandabúa
- auka meðvitund um eigin færni í tungumálinu og eigin leiðir til að tileinka sér málið
- leysa úr viðfangsefnum einn eða í samstarfi við aðra

Námsgögn:


1. **2 hefti** DANS2LN05 *Tekster og opgaver* og DANS2LN05 *Danske noveller og opgaver*. Útg. VMA 2017. Fást á skrifstofu VMA.
2. **Glimt**, ny litteratur på dansk. Randi Benedikte Brodersen, Brynja Stefánsdóttir og Jens Monrad. Iðnú, 2015. Fæst í bókabúðum.
3. Dönsk-Íslensk **orðabók** að eigin vali og/eða Politikens Retskrivnings og Betydningsordbog. Útg. JP/Politikens Forlagshus A/S 2005.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 2 af 3	DANS2LN05	Námsáætlun vorannar 2017

Áætlun um yfirferð:

*Vika	Námsefni	Próf og verkefni
1/2	Kynning á áfanganum, framburðarreglur (upprifjun) T&O: Slog kioskbestyrrer ned under røveri (bls. 3) SMS (novelle) (bls. 6)	
3	T&O: Mie: Jeg blev standset.. (bls. 10) Novelle: Enhver kan jo tage fejl	
4	T&O: Bjergklatrer øver sig (bls. 15) Armen revet af.. (norsk tekst) (bls. 21)	
5	T&O: Det kolde gys (bls. 25) Novelle: Historien om en mor	
6	T&O: Unge iværksættere (bls. 30)	
7	T&O: Da Rasmus og Jakob blev hackere (bls. 39)	lotupróf (10%)
8	T&O: HC Andersen og 'eventyrspillet' (bls. 45)	
9	T&O: Barbiedrømmen (bls. 51)	"eventyr-opgaven" (10%)
10	GLIMT: Sex (novelle) <i>námsmatsvika</i>	
11	T&O: Nabosprog undervisning (bls. 59)	
12	<i>þemavika</i>	þemaverkefni (10%)
13	T&O: Nordjobb og erfaringer med nordjobb (bls. 61)	
14	T&O: Utländska studenter (svensk tekst) (bls. 66) GLIMT: Den sidste fyr (novelle)	
15	<i>páskafri</i>	
16	T&O: Tjuven satt fast i lufteanlægget (norsk tekst) (bls. 69) GLIMT: En flinker fyr (novelle)	munlegt próf (10%)
17	T&O: Kroppen var tæt på at brænde sammen (bls. 70)	skila námsheftunum
18	Upprifjun og undirbúningur fyrir lokapróf	præsentation af en tekst/novelle fra et af hæfterne (5%)

*Með vikunúmeri er átt við vikur ársins

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3	DANS2LN05	Námsáætlun vorannar 2017

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Skriflegt próf	lokapróf (úr námsefninu ásamt ólesnum texta) Ath. Nemandi þarf að ná 40% árangri á þessu prófi til að vetrareinkunn reiknist til hækkunar		45%
Lotupróf	úr lesnum textum og málfræði ásamt ólesnum texta		10%
Munnlegt próf	framburður og málnotkun (læste noveller og 'mig selv')		10%
Önnur verkefni	ritunarverkefni "Eventyr-opgaven" (nemendur skrifa ævintýri á dönsku eftir 'uppskrift')		10%
	þemaverkefni (hópverkefni)		10%
	vinnueinkunn (unnin verkefni í námsheftunum og Moodle-próf) 2 x 5%		10%
	kynning (præsentation (ppt, kahoot) af en af de læste tekster/noveller) (parverkefni)		5%
	Samtals:		100%
Annað:			

Annað sem kennari vill að komi fram:


Nemendum er bent á að kynna sér skólareglur á heimasíðu VMA. T.d. varðar endurtekin mæting án námsgagna brottrekstri úr tíma.

Notkun á fartölvum og farsímum í kennslutímum er bönnuð, nema með leyfi kennarans.

Nemendum er bent á að fylgjast vel með áfanganum í MOODLE!

Dagsetning: 05.01.2017


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils